



Stjórnarfundur FRÍ

Dags: Þriðjudagur, 11. október 2022

Fundur: 8. fundur stjórnar 2022-2024

Staðsetning: Salur ÍSí Engjavegi og Zoom

Mætt:

Aðalstjórn: Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Auður Árnadóttir, ~~Bergþóra Guðjónsdóttir~~, Freyr Ólafsson, Jóhann Haukur Björnsson.

Varastjórn: ~~Björgvin Víkingsson, Eiríkur Mörk Valsson, Hjördís Ólafsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Rannveig Oddsdóttir.~~

Starfsmenn: Guðmundur Karlsson, Íris Berg Bryde

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundarboðun og rafrænt afgreidd erindi

Samþykkt fundargerða frestað til næsta fundar. Engin rafræn erindi frá síðasta stjórnarfundum.

2. Staðan á hreyfingunni

Farið yfir skjal með upplýsingum frá tengiliðum. Flestir búnir að hafa samband við „sín“ aðildarsambönd. Góðar upplýsingar hafa komið fram í samtölum. Formaður hvetur til að hafa reglulega samband við baklandið og lesa það sem aðrir skrifa inn í skjalið.

3. Formannafundur og uppskeruhátíð FRÍ

Samþykkt að formannafundur verði haldinn þann 8. nóvember kl. 20.00. Stefnt á að halda Uppskeruhátíð þann 11. nóvember, en 25. nóvember verður til vara. Undirbúningsnefndin er skipuð AH, ÍBB og Marta María B Siljudóttir. GK verður til aðstoðar.

4. Fjárhagsmál

Tekjur fyrstu níu mánuði ársins standa í 77% af áætlun ársins. Framkvæmdastjóri og gjaldkeri reikna með að tekjur verði í samræmi við áætlun þegar upp verður staðið í lok árs. Gjöld eru 92% af áætlun ársins og lausleg greining sýnir að þau gætu farið u.þ.b. 7 mkr yfir áætlun. Líklegt er að 7 mkr tap verði af rekstri á árinu 2022. Sjóðsstaða er sterk og þolir þá niðurstöðu.

Stjórn er sammála um að mikilvægt sé að hækka þátttöku- og iðkendatekjur, líkt og rætt var á þingi FRÍ í vor.

5. Reglugerðarbreytingar

Formaður kynnti tillögu um minniháttar breytingu á reglugerð um lyfjapróf. Tillagan gerir ráð fyrir að framkvæma megi lyfjapróf allt að 48 klukkustundum eftir að keppni lýkur, í stað 24 klukkustunda. Breytingin er í samræmi við reglur World Athletics. Stjórn samþykkir tillöguna samhljóða. Skrifstofu falið að auglýsa breytingu og birta.

6. Athugasemdir við 133. mál um laun til íþróttamanna

Mál tekið af dagskrá.

7. Mótamál og stjórnskipulag

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu núverandi fyrirkomulag varðandi mótamál FRÍ. Reglugerðarumhverfi World Athletics er orðið bæði flóknara og umfangsmeira. Lagt er til að starfsmaður skrifstofu verði mótastjóri (e.competition manager), sem tekur hluta af verkefnum mótanefndar. Stjórn samþykkir tillögu. Hún verður kynnt á formannafundi í nóvember.

8. Afreksúthlutun hausts

Tillaga lögð fram um að seinni úthlutun afrekssjóðs verði 5 mkr. Samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál

- ÍBB fór yfir mál er varða RIG og Masters mót. Áhugi á að fá fleira fólk úr hreyfingunni í mótanefndir, mótstjórn o.fl. FÓ spurði um tækifæri tengd fjáröflunar. GK og HB taka að sér að skoða þau mál betur.
- HB kynnti hugmynd um Stóra FRÍdaginn. Samþykkt að vinna verkefnið áfram.

Fylgiskjöl:

- *Tillaga að reglugerðarbreytingu (FÓ)*

Fundagerð rituð af Hauki Björnssyni